

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Spjalló, samvera og samvinna á bókasafninu

Nafn styrkþega: Borgarbókasafnið

Útdráttur: Nemendur á fyrra og seinna ári á nýstofnaðri íslenskubraut Kvennaskólans í Reykjavík komu til skiptis, aðra hverja viku, á Borgarbókasafnið í Grófinni í eina önn. Spjalló stóð einnig nemendum með íslensku að móðurmáli til boða sem val, enda var meginmarkmið verkefnisins að skapa vettvang fyrir ungmenni af erlendum uppruna og ungmenni með íslensku að móðurmáli, til að kynnast á jafningjagrundvelli í öruggu umhverfi bókasafnsins, í gegnum samvinnu í verkefnum sem byggðust á áhugamálum, þvert á tungumál og menningu. Þegar til kom voru aðeins fimm íslenskir nemendur sem völdu áfangann og var mæting þeirra var afar dræm og tók því verkefnið aðra stefnu en lagt var upp með, strax í upphafi. Þessi skortur á þátttöku reyndist vera einn helsti veikleiki verkefnisins. Þá kom fljótt kom í ljós að sveigjanleiki var lykilatriði og þurftu verkefnastjórar nokkrum sinnum að endurskoða áætlun sína. Menningarlegur bakgrunnur nemenda, fyrri menntun og fjölbreytni tungumála innan hópsins skapaði áskoranir. Verkefnastjórar fundu þannig þörf fyrir að aðlaga nálgun sína og leggja meiri áherslu á mannlega tengingu milli þeirra og nemendanna fremur en á íslenskan orðaforða. Áherslan á að skapa öruggt rými án þess að gera væntingar um að þátttakendur myndu læra tungumálið eða eignast nýja vini leiddi í raun til þess að þeir gerðu hvoru tveggja, með náttúrulegum hætti fremur en skipulögðum. Á bókasafninu kynntust nemendurnir á íslenskubrautinni betur innbygðis og æfðu sig að tala íslensku með aðstoð íslenskukennara og starfsfólks bókasafnsins. Til þess var notast við fjölbreyttar leiðir

sem í boði eru á safninu; hlaðvarpsstúdíó, forrit til að semja raftónlist, myndbandaklippingu, ljósmyndun og borðspil. Í lok verkefnisins var hegðun þeirra í bókasafninu breytt; frá því að vera óörugg og jafnvel óáhugasöm yfir í að gera rýmið að sínu, spila tónlist, hlæja, dönsa og spjalla. Þá tóku bókasafnsverðir eftir því að nemendurnir fóru að koma á safnið á eigin vegum utan skóla. Einnig virtist ókeypis bókasafnskort vekja ákveðið stolt yfir því að tilheyra.

Project Title: Spjalló – togetherness and co-work at the Library

Name of Grantee: Reykjavík City Library

Abstract: First- and second-year students in the newly established Icelandic language track at Kvennaskólinn í Reykjavík attended Borgarbókasafnið í Grófinni every other week for one semester. The Spjalló program was also offered as an elective to students with Icelandic as their first language, as the main aim of the project was to create a meeting place where young people of foreign origin and those with Icelandic as their mother tongue could get to know one another as equals in the safe environment of the library, through collaborative activities based on shared interests across language and culture. In practice, however, only five Icelandic students chose the elective, and their attendance was very irregular. As a result, the project took a different direction from what had originally been planned, right from the start. It quickly became clear that flexibility was essential, and the project leaders had to revise their plan several times. The students' cultural backgrounds, previous educational experiences, and the wide range of languages within the group created challenges. The project leaders therefore felt the need to adapt their approach and place greater emphasis on human connection between themselves and the students rather than on Icelandic vocabulary. The focus on creating a safe space without expectations that participants would learn the language or make new friends in fact led them to do both, in a natural rather than structured way. At the library, the students in the Icelandic track got to know one another better and practiced speaking Icelandic with the support of their Icelandic teacher and library staff. A variety of the library's facilities were used for this purpose, including the podcast studio, software for composing electronic music, video editing, photography, and board games. By the end of the project, their behavior in the library had changed—from being uncertain and sometimes even uninterested to making the space their own, playing

music, laughing, dancing, and chatting. Librarians also noticed that the students began returning to the library on their own outside of school hours. The free library card also appeared to foster a sense of pride and belonging. In an anonymous survey conducted at the end of the semester, 95.5% of students reported having a larger Icelandic vocabulary as a result of the project, 64% said they had made new friends, 59% said they had learned something new about other countries or cultures, and 91% expected that they would continue to use the library in their free time after the project ended.